

Yfirlýsing frá Ólöfu Nordal innanríkisráðherra vegna fréttu um afgangsfélög:

Hvorki ég né eiginmaður minn eigum eða höfum átt hlut í fjárfestingar- eða eignarhaldsfélögum sem skráð eru á Bresku Jómfrúareyjum eða í nokkru öðru landi sem talin eru til skattaskjóla.

Miðvikudaginn 16. mars síðastliðinn barst mér fyrirspurn frá tveimur þýskum blaðamönnum, Frederik Obermaier og Bastian Obermayer, fyrir hönd dagblaðsins Süddeutsche Zeitung og útvarps- og sjónvarpsstöðvarinnar NDR, um Dooley Securities S.A, hlutafélag sem mun hafa verið skráð á Bresku Jómfrúareyjum. Fyrirspurn þeirra snéri að hugsanlegum tengslum mínum við félagið

Mánudaginn 22. mars svaraði ég fyrirspurninni. Nokkrum dögum áður hafði, Tómas Sigurðsson, eiginmaður minn einnig svarað fyrirspurninni. Tómas hefur unnið fyrir alþjóðlegt fyrirtæki undanfarin 12 ár, fyrst hér á Íslandi en síðar í Evrópu og nú starfar hann í New York.

Síðari hluta ársins 2006 leitaði Tómas ráðgjafar hjá Landsbanka Íslands varðandi fjármál og kaupréttarsamninga sem voru hluti af starfskjörum hans . Markmiðið var að njóta leiðsagnar bankans varðandi hugsanlegar fjárfestingar í erlendum verðbréfum enda starfsvettvangur Tómasar alþjóðlegur.

Ráðgjafar Landsbankans lögðu til að stofnað yrði sérstakt erlent fjárfestingarfélag. Landsbankinn í Lúxemborg stofnaði félagið, Dooley Securities og var bankinn skráður eigandi þess.

Aldrei kom þó til þess að Tómas nýtti félagið til fjárfestinga eða tæki yfir eignarhald þess. Félagið er því okkur hjónum óviðkomandi. Eftir því sem við komumst næst var félagið lagt niður árið 2008.

Svar við fyrirspurn á tölvupósti frá þýskum blaðamönnum:

Dear Mr. Obermayer,

I thank you for the opportunity to clarify some matters concerning the offshore company Dooley Securities S.A.

As to the circumstances and my husband's intentions regarding his shares in Alcoa, I refer to his statement.

I would furthermore like to draw your attention to the fact that the consultation given by Landsbankinn took place before I was elected to the Icelandic Parliament, and it never materialized.

I appreciate your concerns about possible conflict of interest for me as a public officer. You can rest assure there are none.

I want to emphasize that neither I nor my husband have at any time owned shares in offshore companies.

Best regards

Ólöf Nordal